



FUNDARGERÐ

Yfirskrift / efni: 2. fundur stjórnar KLÍ, 2011-2012

Staðsetning: Skrifstofu KLÍ

Hvenær: Mánudag. 06.06.2011 kl. 17:30

Þátttakendur: Þórir Ingvarsson (ÞI) formaður
Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMÞ) varaformaður
Guðmundur Sigurðsson (GS) ritari
Ólafur Páll Vignisson (ÓPV) gjaldkeri
Guðmundur J. Kristófersson (GJK) varamaður

Boðuð forföll: Linda Hrönn Magnúsdóttir (LHM) fundarritari
Höskuldur Höskuldsson (HH) varamaður
Ingi Geir Sveinsson (IGS) varamaður

Fjarverandi:

Fundarritari: ÞI

Helstu mál: Fundargerð s.f., skipting í nefndir, tillögur til stjórnar frá þingi, Ólympíudagurinn og önnur mál.

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt samhljóða.

2. Skipting í nefndir:

Ákveðið var að viðhalda venju þeirri að stjórnarmenn væru í nefndum sambandsins og er skiptingin eftirfarandi: Aganefnd –ÓPV, Landsliðsnefnd – HH, Mótanefnd – LHM, Tæknefnd – IGS, Upplýsinganefnd – GS og Unglinganefnd – ÞMÞ.

ÞMÞ kom einnig með tilnefningar frá ÍR í allar nefndir. ÞI mun senda á önnur félög og óska eftir tilnefningum.

3. Tillögur til stjórnar frá þingi KLÍ:

Venslasamningur: Fundarmenn sammála um að ekki er hægt að fjalla um þetta fyrr en komið er á hreint með leikdaga í vetur.

Meistaramót ungmenna: Reglugerðinni hafði verið vísað til unglinganefndar af formannafundi. ÞMÞ mun kalla saman fund um leið og nefndin er mönnuð og fara yfir regluna og einnig skoða með Íslandsmót unglunga. Nefndin mun á sama tíma skoða dagskrá vetrarins fyrir unglingamótin.

Kúluviðurlög: Stjórn þarf að fjalla um og koma með tillögu að viðurlögum vegna ólöglegra kúlna. Kæra liggur fyrir hjá áfrýjunardómstól ÍSÍ og rétt er að bíða eftir niðurstöðu þeirra áður en stjórn tekur þetta fyrir.

4. Ólympíudagurinn:

Í framhaldi af tillögu ÞMÞ frá síðasta fundi og góðri reynslu GJK af keiluteppinu var ákveðið að vera með á Ólympíudeginum, og lagt til að landsliðsnefnd mundi finna þátttakendur, helst úr landsliðshópunum. ÞI mun senda erindi á landsliðsnefnd, en skila þarf 12. júní hvort samböndin ætla að vera með.

4. Önnur mál:

Engin.

Fleira var ekki rætt á fundinum.

Fundi slitið 18:10 – næsti fundur verður óákveðinn.